

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, varða sektum samkvæmt lögum nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 275/1985 um hreindýraveiðar árið 1985.

Menntamálaráðuneytið, 20. júní 1986.

Sverrir Hermannsson.

Runólfur Þórarinnsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 469/1985 um gjald fyrir skoðun,
skráningu og mælingu skipa o. fl.**

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiddast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Þegar skráning skips er flutt milli skráningarumdæma skal sýna kvittun þegar breytt er nafni, skráningarnúmeri eða eigendaskipti verða innan sama umdæmis.

Við útgáfu haffærisskírteinis hverju sinni skal sýna kvittun fyrir greiðslu skoðunargjalds, og er það skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 46. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52, 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1986.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.